

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 48 5. mars 1970, um holræsi í Vogum,
Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu.

1. gr.

3. mgr. 3. gr. orðist svo:

Einnig ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins 1,5% af fasteignamatí húseignanna sbr. gildandi fasteignamat, en þó aldrei lægra en kr. 750.00.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Gjalddagi holræsagjalds er hinn sami og fasteignaskatts.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 13. febrúar 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjöld fyrir Selfosshrepp.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

A gjald.

Nú ákveður sveitarstjórn að leggja á gatnagerðargjald vegna nýbyggingar, og skal þá miða gjaldið við ákveðinn hluta byggingarkostnaðar á rúmmetra, eins og hann er talinn af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	4 %
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð (raðhús)	2,5%
Tveggja hæða raðhús og íbúðarhús	2 %